

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Hólalax	28. ágúst 2018	Hólum, Hjaltadal	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
601279-0299	01.05.19	Já	500 tonnum af bleikju og 1.000.000 bleikjuseiða á ári.

Starfsemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Já, framleiðsla ársins 2017 var um 173t af bleikjuseiðum og bleikju til manneldis.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá því að síðasta eftirlit fór fram og engar breytingar eru fyrirhugaðar.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Já, í lagi. Skráningar eru vistaðar í WiseFish vöktunarkerfi. Daglegar skráningar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	x			Í lagi, skilað inn með GB
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	x			Í lagi, skilað þann 1.mars 2018.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			Áhættumat v. bráðamengunar hafs og stranda á ekki við en aðrar áætlanir s.s. neyðaráætlun og vöktunaráætlun þarf að uppfæra í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi en það rennur út þann 1. maí nk. Minnt var á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi sem allra fyrst þar sem útgáfa þess tekur að lágmarki 6 mánuðum.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?		x		Samráðsfundur var ekki boðaður í tengslum við eftirlit 2017 en kveðið er á um í gr. 4.2 í starfsleyfi að það skuli gert á fjögurra ára fresti. Samráðsfundur var haldinn í þessu eftirliti en fulltrúi Heilbrigðiseftirlits

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				Norðurlands vestra sá sér ekki fært um að sitja fundinn.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	Á ekki við
Er neyðaráætlun til staðar?	x			Já, en uppfæra þarf áætlunina í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Umhverfismarkmið í lagi. Ekki er unnið skv. umhverfisstjórnunarkerfi. Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Sjálfvirk stýring.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			Já, í lagi. Gildi fyrir N var 42.1 kg/framleitt tonn, bæði fyrir og eftir settjörn og gildi fyrir P var 2,6 kg/tonn fyrir settjörn og 3,8 kg/tonn eftir settjörn Síðasta mæling 19.02.2018
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	x			Svifagnir voru mældar þann 19.02.2018 og mældust undir 3 mg/L. Ekki var að sjá mikla uppsöfnun fódurleyfa eða úrgangs í læk eða settjörnum en greina mátti slý í botni læksins. Ekki var óeðlileg lykt við læk eða settjarnir og ekki var sjáanlegur fiskur í frárennislæk. Fylgjast þarf vel með settjörnum og huga að dýpkun þeirra eftir þörfum.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í	x			Frárennislækur, um 150 m langur, liggur frá stöðinni og yfir í stóra

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.				settjörn, þaðan rennur frárennslið yfir í aðra settjörn og því næst út í Hjaltadalsá sem er nokkuð straumhörð bergvatnsá.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Sjá fyrra svar
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Já, í lagi
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Í lagi. Dauðfisk er safnað saman í tunnu og tekinn í stöðinni af sorphirðu sveitarfélagsins (bíll fyrir dýrahæ) reglulega. Urðað í Stekkjarvík. Plasti er safnað saman og fer til endurvinnslu og brúsum undan formalíni er komið til flokkunarstöðvarinnar á Sauðárkrók.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	x			Já, í lagi
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	x			Í lagi
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Mælingar á N og P eru árlega en stærri mæling (COD, svifagnir, pH og hitastig) á 3ja ára fresti, næst árið 2021 Rekstraraðili tekur sýnin og sendir til greiningar til MATÍS

Niðurstöður síðasta eftirlits:

20.10.2017: Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Samantekt:	Tvö frávík komu fram við eftirlit er varða að samráðsfundur var ekki haldinn árið 2017 eins og kveðið er á um í gr. 4.2 í starfsleyfi og að aðgangur að stöðinni er ekki takmarkaður skv. gr. 4.6 í starfsleyfi. Ein ábending var gerð varðandi rusl á lóð rekstraraðila, minnt er á að skv. gr. 4.6 í starfsleyfi skal halda svæðinu snyrtilegu.
Annað	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu og rekstraraðila var bent á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi sem allra fyrst þar sem núgildandi leyfi rennur út í maí nk.

G. Stella Arnadóttir

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hólalax Hjaltadal



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hólalax	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónadóttir
Heimili	Hólum I	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	601279-0299	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Friðrik Steinsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	494922,721 581709,174

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða að samráðsfundur var ekki haldinn árið 2017 eins og kveðið er á um í gr. 4.2 í starfsleyfi og að aðgangur að stöðinni er ekki takmarkaður skv. gr. 4.6 í starfsleyfi. Ein ábending var gerð varðandi rusl á lóð rekstraraðila, minnt er á að skv. gr. 4.6 í starfsleyfi skal halda svæðinu snyrtilegu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Samráðsfundur var ekki haldinn árið 2017 eins og kveðið er á um í gr. 4.2 í starfsleyfi, en rekstraraðili skal boða til samráðsfundar fjörða hvert ár. Samráðsfundur var síðast haldinn árið 2013.

Samráðsfundur var haldinn í tengslum við eftirlitið 2018 og verður því ekki frekari eftirfylgni vegna þessa fráviks.

Gr. 4.6 í starfsleyfi

Aðgangur að stöðinni skal vera takmarkaður skv. gr. 4.6 í starfsleyfi. Skilti um takmörkun aðgangs og hliðstólpar voru til staðar við innkeyrslu og girðing er á lóðarmörkum en hliðgrindur vantaði. Takmörkun á aðgengi var því ekki fullnægjandi. Rekstraraðili hefur bætt úr frávikinu og sett upp hliðgrindur og því verður ekki farið í eftirfylgni vegna þessa fráviks.

ATHUGASEMDIR

Ein ábending var gerð varðandi rusl á lóð rekstraraðila, minnt er á að skv. gr. 4.6 í starfsleyfi skal halda svæðinu snyrtilegu.

ANNÆÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu og rekstraraðila var bent á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi sem allra fyrst þar sem nógildandi leyfi rennur út í maí nk.

13.09.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir